



# Brotthvarf úr skólum og nemendur með fötlun og/eða sérkennsluþarfir

Endanleg yfirlitsskýrsla

---



**EUROPEAN AGENCY**  
for Special Needs and Inclusive Education



# **BROTTHVARF ÚR SKÓLUM OG NEMENDUR MEÐ FÖTLUN OG/EÐA SÉRKENNSLUÞARFIR**

Endanleg yfirlitsskýrsla



Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Miðstöðin) er sjálfstæð sjálfstjórnarstofnun. Miðstöðin er sameiginlega fjármögnuð af menntamálaráðuneytum í aðildarlöndunum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, með stuðningi Evrópuþingsins.



Sameiginlega fjármagnað af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins

Stuðningur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við framleiðslu þessarar útgáfu felur ekki í sér stuðning við innihaldið, sem endurspeglar eingöngu skoðanir höfundanna, og framkvæmdastjórnin ber enga ábyrgð á notkun þeirra upplýsinga sem koma hér fram.

Þær skoðanir sem einstaklingar greina frá í skjalinu eru ekki endilega í samræmi við opinberar skoðanir Miðstöðvarinnar, aðildarríkja hennar eða framkvæmdastjórnar ESB.

Ritstjóri: Garry Squires

Útdráttur úr skjalinu er eingöngu leyfður ef skýrlega er vísað til heimildar. Vísa skal til skjalsins á eftirfarandi hátt: Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017. *Brotthvarf úr skólum og nemendur með fötlun og/eða sérkennsluþarfir: Endanleg yfirlitsskýrsla.* (G. Squires, ritst.). Odense, Danmörk

Til að bæta aðgengi að skýrslunni er hún tiltæk á 25 tungumálum og á rafrænu sniði á vefsvæði stofnunarinnar: [www.european-agency.org](http://www.european-agency.org)

Þetta er þýðing á upprunalegum texta á ensku. Ef efi vaknar um nákvæmni upplýsinga í þýðingunni skal skoða upprunalega enska textann.

ISBN: 978-87-7110-675-6 (Rafrænt)

© European Agency for Special Needs and Inclusive Education 2017

Aðalskrifstofa  
Østre Stationsvej 33  
DK-5000 Odense C Denmark  
Sími: +45 64 41 00 20  
[secretariat@european-agency.org](mailto:secretariat@european-agency.org)

Skrifstofa í Brussel  
Rue Montoyer, 21  
BE-1000 Brussels Belgium  
Sími: +32 2 213 62 80  
[brussels.office@european-agency.org](mailto:brussels.office@european-agency.org)



# EFNISYFIRLIT

---

INNGANGUR	5
BAKGRUNNUR	6
NIÐURSTÖÐUR	6
Skilgreining og samanburður á brotthvarfi sem niðurstöðu	6
Brotthvarf sýnt sem ferli sem felur í sér flókna blöndu samverkandi þátta	9
Eftirlit og kerfi til snemmtækra viðvarana	13
TILMÆLI	15
ÚTKOMA VERKEFNISINS	18







# INNGANGUR

---

Brotthvarf er almennt skilgreint sem þegar ungt fólk hættir formlegu námi áður en framhaldsskólamenntun er lokið. Evrópusambandið (ESB) hefur sett sér það markmið að draga úr brotthvarfi um 10% yfir öll aðildarríki fyrir 2020.

Á milli 2015 og 2016 stóð Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Míðstöðin) fyrir verkefni um brotthvarf úr skólum. Fyrsti hluti verkefnisins innihélt yfirlit yfir fræðilega umfjöllun til að skoða ritrýndar rannsóknir í Evrópu. Það kom í ljós að fræðileg umfjöllun um rannsóknir í Evrópu var af skorum skammti. Ákvörðun var tekin um að hafa með fræðilega alþjóðlega umfjöllun, aðallega frá Bandaríkjunum og Ástralíu, þar sem brotthvarf hefur lengri sögu og hefur verið áhyggjuefni. Sú fræðilega umfjöllun sem tengir brotthvarf við nemendur með sérkennsluþarfir og/eða fötlun er ekki vel á veg komin. Hins vegar er ljóst að nemendur með sérkennsluþarfir og/eða fötlun eru í sérstakri áhættu á brotthvarfi úr skóla. Þetta leiddi til útgáfu á fyrstu skýrslunni um verkefnið, sem útskýrði í stórum dráttum hvernig fræðileg samantekt var gerð og helstu niðurstöður (Evrópumíðstöðin, 2016).

Seinni hluti verkefnisins fólst í að bera stefnu ESB við saman við útgefna fræðilega umfjöllun. Seinni skýrslan kannaði að hve miklu leyti stefnur ESB endurspeglar þau gögn sem fundust í fræðilegu umfjölluninni (Evrópumíðstöðin, 2017). Skýrslan komst að þeirri niðurstöðu að stefnan sé meira og minna samhljóða niðurstöðum rannsóknarinnar.

Samantekt á fræðilegri umfjöllun og hvernig hún endurspeglar í stefnumörkun leiddi til þess að nálgunum tveimur var blandað saman. Það leiddi til þróunar á módeli sem hægt er að nota þvert á aðildarríki til að skilja hvað er að gerast í hverju þeirra. Einnig er hægt að nota það staðbundið til að aðstoða ákvörðunaraðila við að hafa hagsmunaaðila með og vinna að stefnumörkun til að draga úr brotthvarfi. Þessi aðferð vinnur bug á frávikum í skilgreiningum á brotthvarfi og sérkennsluþörfum og/eða fötlun. Hún tekur tillit til flytjanleika niðurstaðna rannsóknarinnar sem kynnu að eiga sérstaklega við staðinn þar sem rannsóknin var framkvæmd.

Þessi endanlega yfirlitsskýrsla gerir grein fyrir lykilognum og -hugmyndum. Hún sýnir módelið fyrir umfjöllun um brotthvarf sem hefur þróast frá fyrstu tveimur skýrslunum, ásamt helstu tilmælum til stefnumótandi aðila.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Til að stytta textann inniheldur þessi yfirlitsskýrsla ekki tilvitnanir í undirliggjandi samantekt, þar sem hún er yfirgripsmikil. Upprunalegu skýrslurnar tvær innihalda tæmandi lista yfir fræðilega umfjöllun og stefnuskjöl (Evrópumíðstöðin, 2016; 2017).



## BAKGRUNNUR

---

Það er samhljóða álit að lúkning framhaldsskólamenntunar sé mikilvæg fyrir tækifæri einstaklinga í lífinu, velsæld þeirra, heilsu, störf og til að draga úr hættu á félagslegri útilokun. Hlutfall lúkningar framhaldsskólamenntunar er mismunandi eftir aðildarríkjum ESB, en árið 2014 var hlutfall brotthvarfs allt frá 4,4% til 21,9%. Litið hefur verið á það sem forgangsmál að draga úr brotthvarfi og markmiðið er að hafa minnkað brotthvarf í 10% í öllum aðildarríkjum árið 2020. Einhverjar vísbendingar eru til staðar um framfarir í átt að þessu markmiði og meðalgildið hafði fallið úr 14,3% árið 2009 í 11,1% árið 2015. Nemendur með sérkennsluþarfir og/eða fötlun eru taldir vera í hættu á brotthvarfi og þetta skapar viðbótaráskoranir fyrir aðildarríki. Að koma til móts við nemendur með sérkennsluþarfir og/eða fötlun og bæta útskriftarhlutfall þeirra úr skólum myndi vera í samræmi við breiðari markmið UNESCO um sjálfbæra þróun menntunar (SDG 4) fyrir 2030.

## NIÐURSTÖÐUR

---

Verkefnið notaði fyrirliggjandi fræðilega umfjöllun á sviði brotthvarfs og bar hana saman við skjöl um stefnu ESB til að kanna þær áskoranir sem stefnumótandi aðilar standa frammi fyrir við þróun á aðgerðum við að draga úr brotthvarfi. Niðurstöðurnar benda til:

- erfiðleika við að samþykkja og beita algengum skilgreiningum;
- að þörf sé á að líta á brotthvarf sem röð ferla sem verða í lífi nemanda, frekar en niðurstöðu;
- að ólíkir undirflokkar nemenda kunni að verða fyrir brottfalli og að hver þeirra sé háður mismunandi áhættu og verndandi þáttum;
- að aðgerðum sem eru nefndar í stefnunni sé skipt niður eftir því hvort þær leggi áherslu á forvarnir, inngrip eða bætur;
- að áhersla á aðgerðir þarf að vera á mismunandi stigum, þar með talið áhersla á framfarir í skólastarfi, áhersla á þátttöku nemenda og áhugahvöt og áhersla á víðtækari félagslegar hliðar í lífi nemendanna.

Niðurstöðurnar voru notaðar til að þróa módel til að stuðla að upplýstri ákvarðanatöku í ESB, á lands- og staðarvísu.

## Skilgreining og samanburður á brotthvarfi sem niðurstöðu

---

Mælingar og samanburður á brotthvarfi í aðildarríkjum er ekki án áskorana. Ólík lönd miða



við ólíkan aldur sem ungt fólk getur lagalega hætt formlegu námi, á bilinu frá 14 til 18 ára aldurs. Estêvão og Álvares (2014) gera greinarmun á milli formlegra og virkra skilgreininga. Þær fyrri eru byggðar á lagalegum skólaskyldualdri; þær síðari eru þegar brotthvarf vísar til þess að hætt sé í skóla án fullnægjandi færni og hæfni til að hefja árangursríkt starf, án tillits til aldurs þegar hætt er í skóla. Þetta skapar mismunandi möguleika fyrir talningu á brotthvarfi:

- Þeir sem hætta í skóla áður en þeir hafa náð lagalegum aldri til þess í tilteknum aðildarríkjum
- Þeir sem hætta í skóla án fullnægjandi hæfni fyrir tilfærslu yfir í starf
- Þeir sem halda áfram í skóla þar til að skólaskyldualdri lýkur, en eru samt ekki með fullnægjandi hæfni.

Við fyrstu sýn virðast nemendur með sérkennsluþarfir og/eða fötlun vera sérstaklega hætt við að hætta í skóla án fullnægjandi hæfni, án tillits til aldurs þegar hætt er í skóla, og líklegri til að falla undir flokkunina „án atvinnu, menntunar eða þjálfunar“. Hins vegar fer þetta eftir þeim hópi nemenda sem sérkennsluþarfaflokkurinn inniheldur. Sum lönd hafa breiða túlkun á sérkennsluþörfum og/eða fötlun sem tekur til nemenda sem eiga erfitt með nám, á meðan önnur lönd takmarka hugtakið við þá sem eiga við alvarlega erfiðleika að stríða. Einnig er augljóst að sumir hópar eru mikið líklegri til að vera skilgreindir með sérkennsluþarfir og/eða fötlun. Þar með talið eru nemendur með þjóðernisbakgrunn í minnihluta, lága félagshagfræðilega stöðu eða sem standa höllum fæti félagslega. Þetta virkar sem áminning um að nemendur með sérkennsluþarfir og/eða fötlun eru ekki einsleitir hópur og að þeir hafa ólíkar náms- og félagslegar þarfir.

Aðgátar er þörf þegar hugsað er um hvað „fullnægjandi hæfni“ þýðir og hvaða gerðir starfa og frekari menntunar er litið til. Vísbendingar eru um að tiltekinn hópur nemenda með sérkennsluþarfir og/eða fötlun hafi sjálfvirkar tilfærsluleiðir á milli menntunar á unglingastigi og náms á viðbótarstigi, sem leggur áherslu á sérstaka hæfni án tillits til getu eða metnaðar nemenda. Þetta leiðir til þess að þeir hætta námi án fullnægjandi hæfni til að stunda atvinnu seinna í lífinu eða að þeir flosna upp úr námi áður en hæfninni er náð. Nokkrar rannsóknir hafa komist að því að nemendum með sérkennsluþarfir og/eða fötlun þyki tilfærsla á milli skólastiga vera meiri áskorun en jafningjum þeirra og þetta leiðir til aukinnar hættu á brotthvarfi eða lægri hæfnistiga.

Skilgreining ESB á brotthvarfi, sem Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat) notar, virðist einnig vera virk skilgreining, þar sem hún krefst lúkningar á námi á framhaldsskólastigi (reitur 1).





*Evrópusambandið skilgreinir brotthvarfsmenndur sem fólk á aldrinum 18-24 sem hafa aðeins lægri menntun á unglingsstigi eða minna og eru ekki lengur við nám eða þjálfun.*

*Þannig eru brotthvarfsmenndur þeir sem hafa aðeins náð leikskólastigi, barnstigi í grunnskóla, unglingsstigi eða stuttu framhaldsskólanámi sem er innan við 2 ár (Framkvæmdastjórn ESB, 2011).*

### **Reitur 1. Skilgreining Evrópusambandsins sem Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat) notar**

Skilgreining Hagstofu Evrópusambandsins er raunsæ lausn til að eiga við frávikin í mælingu á brotthvarfi á milli aðildarríkja með því að koma á sameiginlegum mælingum á framhaldsskólamenntun. Kosturinn er sá að stök ríki geta mælt áhrifin af öllum þeim aðgerðum sem þau taka til að draga úr brotthvarfi. Hins vegar telja sum aðildarríki brotthvarf tákni að menntun sé hætt áður en framhaldsskólamenntun er lokið, á meðan önnur líta svo á að það merki að hætt sé í skóla án fullnægjandi hæfni. Það flækir samanburðinn enn frekar að ólík lönd hafa ólíka hæfni við lok skyldunáms og búist er við að ólíkt hlutfall nemenda nái þeim. Árið 2003 lagði Evrópuráð menntamálaráðherra áherslu á mikilvægi þarfarinnar á fullnægjandi hæfni til að „ tryggja fulla atvinnu og félagslega samheldni“ (Ráð Evrópusambandsins, 2003, bls. 4). Ólík stjórnsýsla sem kys að nota mismunandi skilgreiningar í eigin tilgangi flækir tilraunir til að koma að almennri ráðstöfun. Þar af leiðir að ekki öll aðildarríki nota skilgreiningu Hagstofu Evrópusambandsins.

Annar vandi rís af hugtakinu að vera „ekki lengur við nám eða í þjálfun“. Þetta er svipað og án atvinnu, menntunar eða þjálfunar, sem er notað í mörgum aðildarríkjum. Hins vegar kann að vera skörun á milli þeirra einstaklinga sem eru án atvinnu, menntunar eða þjálfunar og brotthvarfs, þó að ekki sé um nákvæmlega sama hlutinn að ræða. Flokkurinn án atvinnu, menntunar eða þjálfunar hefur einnig eigin skilgreiningarvanda og sum lönd eru með undirdeildir þessa flokks.





Það fylgja því auðsýnilegir erfiðleikar að skilgreina brotthvarf þvert yfir ólík aðildarríki. Engu að síður er heildarmarkmiði þess að draga úr hlutfalli brotthvarfs úr hópi allra nemenda hjálpað með tilrauninni á að koma á sameiginlegum aðgerðum til að veita höfðatalningu á nemendum sem upplifa brotthvarf. Þessi leið til að skilgreina brotthvarf sýnir það sem niðurstöðu; það er mæling á þeim fjölda nemenda sem hætta í námi. Þar af leiðandi útskýrir skilgreiningin ekki hvers vegna þeir hætta. Skilningur á því hvers vegna nemendur hverfa snemma frá námi getur hjálpað við að keyra stefnumörkun áfram og upplýst um hvaða ákvarðanir skuli taka.

Eins notar fræðileg umfjöllun ýmiss konar hugtök til að vísa til brotthvarfs, svo sem „brotthvarf“, „nemendur sem eru reknir úr skóla af einhverjum ástæðum“, „nemendur sem hætta í skóla t.d. vegna vinnu“, „nemendur sem falla á prófum og hætta“, „nemendur sem hætta að mæta í nám“ „nemendur sem hætta námi“, „nemendur sem velja að hætta námi“, „nemendur sem hætta snemma í skóla“ og „nemendur sem ljúka ekki námi“. Hugtökin eru notuð á ólíkan hátt og sumir höfundar nota þau til að tákna brotthvarf sem niðurstöðu. Aðrir höfundar nota hugtökin á þann hátt sem bendir til að ólík ferli kunni að eiga sér stað meðal ólíkra undirhópa nemenda, sem leiða til ólíkra námsferla sem valda brotthvarfi. Þetta gefur til kynna að brotthvarf sé margþætt fyrirbrigði sem krefst ólíkra aðgerða fyrir ólíka hópa nemenda.

## Brotthvarf sýnt sem ferli sem felur í sér flókna blöndu samverkandi þátta

---

Ef brotthvarf er niðurstaða úr ólíkum ferlum sem verka á ólíkan hátt fyrir ólíka einstaklinga virðist líklegt að engin einföld aðgerðaáætlun muni leiða til þess að það dragi úr brotthvarfi. Þvert á móti er nauðsynlegt að skoða þau ferli sem leiða til þess að sumir nemendur ljúka framhaldsskólamenntun með góðum árangri þegar aðrir nemendur gera það ekki. Ein nálgun sem var gagnleg við að skilja þennan margbreytileika var að nota greiningu á áhrifaþáttum, sem Kurt Lewin uppgötvaði (1943). Fyrir alla einstaka nemendur eru mismunandi þættir að verkum. Sumir ýta nemandanum í átt að þeirri ákjósanlegri niðurstöðu að ljúka framhaldsskólamenntun; aðrir þættir ýta í andstæða átt og leiða til brotthvarfs. Hægt er að hugsa um þá þætti sem stuðla að brotthvarfi sem hóp áhættuþátta sem eru í gangi á skipulagsstigi skólans, hjá nemandanum eða í aðstæðum nemandans eða í samspilinu á milli nemandans og skólans. Seinni skýrslan flokkaði áhættuþættina eftir efnisflokkum til að veita fókus (nánari upplýsingar um áhættuna er að finna í Viðauka 1 í Evrópumíðstöðinni, 2017).

Á skipulagsstigi skólans tóku þessir þættir til: áherslu á aga í skólum, áherslu á kennara, áherslu á námskrá og áherslu á skólann innan nærsamfélagsins. Þegar þessir þættir eru ekki réttir eru heildaráhrifin þau að skólinn virkar á þann hátt að það leiðir til þess að nemandinn er rekinn úr námi. Undirliggjandi ferlið kallast **nemendur sem eru reknir úr**



**skóla af einhverjum ástæðum.** Þegar hugað er að nemendum eða aðstæðum þeirra náðu áherslurnar til: áherslu á fjármál, áherslu á fjölskyldu, áherslu á atvinnu, áherslu á heilbrigði og áherslu á jafningja. Þetta eru þeir þættir sem draga einstaklinginn úr námi; þetta ferli kallast **nemendur sem hætta í skóla t.d. vegna vinnu.** Áherslurnar endurspeglar samspil á milli nemandans og skólans og þær endurspeglar þá áhættu sem leiðir til þess að nemandinn hættir smátt og smátt námi. Þetta kallast **nemendur sem falla á prófum og hætta.** Þetta fól í sér: áherslu á akademískan árangur, áherslu á áhugahvöt og tilfinningu fyrir því að tilheyra áherslum skólans.

Þegar skilningur er fyrir hendi á því að það eru þrjú ólík ferli í notkun, með mismunandi áhættu fyrir ólíka einstaklinga, auðveldar það þróun aðgerða til að draga úr brotthvarfi á þremur megin sviðum:

- þeim sem leiða til framfara í skólastarfi;
- þeim sem tengjast umbótum á lífi nemenda utan skólans;
- þeim sem miða að því að bæta akademískan árangur nemenda, áhugahvöt og tilfinningu fyrir að tilheyra skólanum.


Hins vegar, og þrátt fyrir þessa áhættuþætti, eru sumir nemendur sem sýna árangur. Þess vegna verða verndandi þættir að vera til staðar, sem virka í andstæða átt. Til dæmis kann það að vera að gildi án aðgreiningar í skólastarfi fyrir suma nemendur með sérkennsluþarfir og/eða fötlun, þar sem gott samband er á milli kennara og nemenda; áhersla á námskrá sem samsvarar þörfum nemandans; samvinna við foreldra sem styðja við skólann og hjálpa við að örva nemandann með hvatningu; og fullnægjandi fjárhagsleg úrræði fyrir fjölskylduna til að gera nemandanum kleift að halda náminu áfram.

Fyrir alla staka nemendur er fræðilega hægt að fylgjast með þessari áhættu og verndandi þáttum og leggja síðan mat á líkurnar á brotthvarfi. Á samfélagssviðinu virðist sem skilningur á þeirri áhættu og verndandi þáttum sem koma að þessu ferli leiði til aðgerða á ólíkum stigum (landsvísu, skóla-, fjölskyldu-, einstaklingsbundnu stigi). Í skjölum um stefnu ESB eru þær aðgerðir sem hægt er að grípa til flokkaðar sem forvarnir, inngrip eða bætur. Ólíkir höfundar nota þessi þrjú hugtök á mismunandi hátt. Í þessari skýrslu er lagður eftirfarandi skilningur í þau:

- Forvarnir eiga að snúast um að sjá fyrir áhættu og grípa til aðgerða áður en áhættan verður til staðar.
- Inngrip viðurkennir að áhætta verður áfram til staðar, en reyna síðan að sigrast á þeim eða að styrkja verndandi þættina.
- Bætur taka á þeim aðstæðum þegar menntun hefur ekki farið eins og ætlast var til og gera ráð fyrir öðrum tækifærum til náms eða auka tækifæri á ævinámi.



Samspil áhættu, verndandi þátta, forvarna, inngripa og bóta má sýna í skipulagi sem hægt er að nota á staðar- eða landsvísu til að kortleggja þá tilteknu þætti sem stuðla að og aðgerðir til að taka á brotthvarfi. Þetta var sýnt í seinni skýrslunni og er endurbirt hérna sem Skýringarmynd 1.




Skýringarmynd 1. Þættir sem stuðla að og draga úr brotthvarfi (Heimild: Evrópumíðstöðin, 2017, bls. 20)





Eins og þegar hefur verið útskýrt eru ólík ferli í gangi (nemendur sem eru reknir úr skóla af einhverjum ástæðum, nemendur sem hætta í skóla t.d. vegna vinnu og nemendur sem falla á prófum og hætta). Þau virka á ólíkum stigum (skipulagi skóla, hjá nemanda eða aðstæðum nemanda, samspil á milli nemandans og skólans). Það þýðir að hægt er að endurtaka aðferðina fyrir hvert ferli og stig.



Skýringarmynd 2. Líkan þátta og ferla sem stuðla að brotthvarfi (Heimild: Evrópumíðstöðin, 2017, bls. 22)

Líkaninu er ætlað að vera sveigjanlegt með því að hvetja til þess að fjallað sé um þessi þrjú meginferli og tengdrar áhættu og þeirra verndandi þátta sem tengjast því stigi stefnu sem



verið er að skoða (alþjóðlega, á lands- eða staðarvísu eða í skólanum). Þetta getur síðan stuðlað að röð sérsniðinna aðgerða sem hafa: víðtækari samfélagslega áherslu á mál sem hafa áhrif á líf nemenda; áherslu á framfarir í skólastarfi; eða einstaklingsáherslu sem byggir á akademískum árangri, bættri áhugahvöt og bættri þátttöku í námi.

Þó að líkanið hvetji til þess að hugsað sé í kringum þessi þrjú ferli, nemendur sem eru reknir úr skóla af einhverjum ástæðum, nemendur sem hætta í skóla t.d. vegna vinnu og nemendur sem falla á prófum og hætta, þýðir það ekki að hver nemandi falli eingöngu undir eitt ferli. Þetta stangast á við rannsókn Evrópuþingsins (2011), sem undirstrikaði ólíka undirhópa nemenda. Hugsanlegt er að nemandi falli undir flókið samspil allra þriggja ferlanna á ævi sinni og í námi (sjá til dæmis Evrópumíðstöð, 2017, bls. 23).

Þessi yfirlitsskýrsla er samhljóða álitu Coffields (1998) að það sé mikilvægara að leggja áherslu á aðgerðir sem tengjast inngripum og forvörnum en bótum. Engu að síður eru nokkrar áhrifamiklar nálganir að bótum í þróun, eins og Youthreach á Írlandi, sem virðist taka á þörfum nemenda sem hafa dottið úr námi í almennum skólum. Aðrir höfundar benda á að bætur séu einnig líklegar til að gagnast nemendum sem hættu snemma í námi, t.d. vegna vinnu, út af persónulegum atburðum í lífi þeirra. Þetta kunna að vera fjárhagslegar ástæður, fjölskylduástæður, umönnun, sambönd eða foreldraábyrgð.

## Eftirlit og kerfi til snemmtækra viðvarana

---

Skilgreining á brotthvarfi með tilliti til niðurstöðu auðveldar eftirlit í aðildarríkjum. Hún gerir kleift að skilja allan skala vandamálsins og að stefnur og aðgerðir séu metnar. Þessi einfalda höfðatalning bendir til þess að um alla Evrópu sé brotthvarf í rénun og að við færumst í átt að markmiðinu fyrir árið 2020. Hins vegar hafa einföld eftirlitskerfi takmarkað gildi, vegna margbreytileika þeirra ferla sem liggja að baki brotthvarfi. Þau gera ekki ráð fyrir eftirlit með ólíkum hópum nemenda með sérkennsluþarfir og/eða fötlun eða innan mismunandi svæða í hverju landi. Ráð Evrópusambandsins berst fyrir þróun á úrvali vísbenda, sem hafa fimm meginnotagildi fyrir gögnin:

- snemmtækt mat á nemendum í brotthvarfsáhættu;
- skilgreiningu á viðmiðunum og vísbendum um að nemandi standi höllum fæti í námi;
- skilning á ástæðum fyrir brotthvarfi;
- notkun á gögnum á ólíkum stefnustigum til að stýra og leiðbeina stefnumörkun;
- veitingu grundvallar fyrir ráðgjöf og stuðning í skólum.





Þróuð hafa verið kerfi til snemmtækra viðvarana fyrir nemendur með sérkennsluþarfir og/eða fötlun sem eru í brotthvarfsáhættu og þau innleidd í mörgum skólaumdæmum í Bandaríkjunum. Svipuð kerfi eru í notkun í Evrópu. Þessi kerfi innihalda yfirleitt vitsmuna- og hegðunarmælingar og leggja áherslu á staka nemendur, með möguleika á að bætt sé við stuðning og að dregið sé úr áhrifum þess að fallið sé á prófum og hætt. Hins vegar bendir skýringarmynd 2 til þess að víðtækari röð vísbenda þurfi til að ná yfir ólíkar áherslur sem tengjast ólíkri áhættu og ferlum nemenda sem eru reknir úr skóla af einhverjum ástæðum, nemenda sem hætta í skóla t.d. vegna vinnu og nemenda sem falla á prófum og hætta, til að upplýsa aðgerðir tengdar forvörnum og inngripum. Þetta gæti leitt til eftirlitskerfa sem byggjast á:

- Mælingum á þáttum á landsvísu og í menntakerfinu, eins og hlutfalli þeirra sem ljúka námi, frammistöðu hópa nemenda með ólíkan bakgrunn, þar með taldar sérkennsluþarfir og/eða fötlun, stigum félagslegs ójöfnuðar og stöðu vinnumarkaðarins. Þær veita nokkra vísbendingu um víðtækari félagslegan bakgrunn nemenda, ásamt aðgreinandi vísbenda um niðurstöður úr námi.
- Mælingar á staðbundinni áherslu og áherslu skóla, eins og frammistöðu einstakra skóla, stig aðgreiningarleysis, sambönd milli kennara og nemenda, gæði kennslu og náms og námsferli og valkostir námskrár.
- Mælingar með áherslu á einstaklinga, eins og þær sem mæla mætingu, skólaþátttöku, tilfinningaleg áhrif, vitsmunagetu, afrakstur, áhugahvöt, tilfinning fyrir því að tilheyra, breytingar á fjölskylduaðstæðum og viðhorf og metnað nemenda.

## TILMÆLI

---

Seinni skýrslan (Evrópumiðstöð, 2017) innihélt tilmæli til stefnumótandi aðila. Þau eru endurtekin hér:

1. Núverandi stefnumótun með tilliti til brotthvarfs lofar góðu. Tilraunir til að skilgreina brotthvarf nákvæmlega, til að setja upp eftirlitskerfi (á lands- og staðarvísu og einstaklingsstigi) sem einangra umfang vandamálsins og áhrif allra inngripa, og til að gera skilgreiningar og vísbenda gagnlega í alþjóðlegum samanburði virðast allar vera gagnleg skref. Aðalverkefni fyrir stefnumótandi aðila á lands- og Evrópuvísu er að útvíkka þessar aðgerðir svo að öll Evrópulönd hafi viðeigandi grundvöll fyrir þróun stefnuinngripa.
2. Um leið og umfang núverandi eftirlitskerfa er aukið má hins vegar færa sterk rök fyrir því að gera þau næmari fyrir veruleika jaðarsetningar í námi. Lykillinn að þessu er að





snúa baki við einföldum skilgreiningum og stökum vísbendum. Taka þarf tillit til tenginga á milli brotthvarfs og annarra birtingarmynda á námsniðurstöðum sem eru undir væntingum, þeirra flóknu ferla sem stuðla að brotthvarfi og þeirra mörgu leiða sem ólíkir hópar og einstaklingar koma til með að upplifa brotthvarf.

Þetta er hægt ef stefnumótandi aðilar vinna að því að þróa flóknari eftirlitskerfi. Yfirleitt ættu slík kerfi að skrá úrval af námsniðurstöðum (afrakstur, framvindu í öðru námi, niðurstöður í starfi, o.s.frv.), að gera þetta á stigi nemandans og að geta tengt niðurstöðugögn við gögn um bakgrunn nemenda og námsreynslu þeirra.

3. Flóknari eftirlitskerfi á landsvísu eru eingöngu hluti af svarinu. Ólík stig menntakerfa þurfa að hafa góðar upplýsingar um hvað er að gerast hjá þeim nemendum sem þau bera ábyrgð á. Skólar þurfa einkum að vita hvað er að gerast hjá einstaklingum – hvaða áhættu þeir standa frammi fyrir, hvaða námsniðurstöðum þeir eru að ná og hvernig þeir bregðast við inngripum. Þess vegna verða stefnumótandi aðilar að styðja skóla- og önnur kerfisstig við uppsetningu og notkun á eigin eftirlitskerfum. Í mörgum skólum eru nauðsynleg gögn þegar tiltæk, en kunna að vera dreifð á mismunandi staði og haft aðgengi ólíkra kennara og annarra sérfræðinga. Þess vegna kann verkefnið mestmegnis að vera nákvæmur samanburður og stuðningur við skóla til skilnings á því hvernig best er að nota þau gögn sem þeir hafa þegar undir höndum.

4. Eftirlitskerfi hafa aðeins gildi ef þau mynd grunninn að skilvirkum inngripum. Rannsóknargögnin sýna greinilega að slík inngrip þurfa að vera víðtæk. Afar ólíklegt er að einföld inngrip sem aðeins eru notuð þegar mikil hættu er á brotthvarfi verði nóg til að draga á marktækan hátt úr brotthvarfsfjölda eða tengja neina fækkun við mikilvægar umbætur í námsniðurstöðum. Inngrip þurfa að vera í gangi í gegnum alla ævi nemenda, til að ná utan um alla þætti námsreynslu þeirra og til að ná fram úr námsaðstæðum og inn í bakgrunnspætti í fjölskyldum og samfélögum sem skapa áhættu fyrir nemendur. Þetta þarf að ná til inngripa þegar áhættan verður augljós, en einnig forvarna til að koma í veg fyrir að áhættan eigi sér yfirleitt stað.

Myndun hugtaka og skipulagning slíkra inngripa er meiriháttar áskorun fyrir stefnumótandi aðila. Líkanið sem hefur verið þróað kemst nokkuð áleiðis til sköpunar hugtakaramma utan um þau inngrip sem eru í þróun. Hins vegar er ljóst að margir þættir menntastefnu – og víðtækari félagsmálastefnu – eru notaðir til að berjast á mótí brotthvarfi. Samræming á ólíkum hlutum ráðuneyta er gríðarleg áskorun. Hins vegar er hægt að draga úr þessari áskorun með því að líta á stefnu um að draga úr brotthvarfi



sem hluta af breiðari stefnumótun til að bæta námsniðurstöður og draga úr ójöfnuði í menntun og jaðarsetningu. Þannig er það ekki *enn eitt* stefnuforgangsmál að draga úr brotthvarfi, heldur niðurstaða úr þessum víðtækari stefnumarkandi aðgerðum.

Stefnumótandi aðilum kann að finnast það sérstaklega gagnlegt að færa áhersluna af því að koma í veg fyrir brotthvarf sem sjálfstæða niðurstöðu mældi með tilliti til hæfni og/eða brotthvarfspunkta og yfir á hagnýtari skilning á fyrirbrigðinu. Lykilspurningin, með öðrum orðum, er ekki hversu margt ungt fólk hættir í skóla áður en einhverjum meira eða minna handahófskenndum punkti er náð, heldur hversu margt hættir námi áður en það er tilbúið fyrir lífið sem fullorðnir einstaklingar. Þetta vekur grundvallarspurningar um tilgang menntakerfa og skilvirkni þeirra í að ná þessum tilgangi.

5. Um leið og eftirlitskerfi þurfa að vera til taks á öllum stigum menntakerfisins, þarf að beita skilvirkum inngrípum á öllum stigum, ekki síst í skólum. Framtak einstakra þjóða skilar líklega tiltölulega litlu nema það sé fellt inn í aðgerðir til að bæta gæði og skilvirkni á öllum stigum menntakerfisins og aðgerða á staðarvísu, í skólum og skólustofum til að tryggja að allir nemendur fái raunveruleg tækifæri til að ganga vel. Lykilverkefni stefnumótandi aðila er því að styðja skóla og önnur kerfisstig við að takast þetta verkefni á hendur.

6. Þau gögn sem byggjast á sérkennsluþörfum og brotthvarfi eru minni en gott þykir. Hins vegar eru þau nokkurn veginn samhljóða gögnum úr námi í almennum skóla. Það er rétt hjá stefnumótandi aðilum að líta á nemendur með sérkennsluþarfir og/eða fötlun sem áhættuhóp og að tryggja að ákveðin inngríp séu til staðar til að halda þeim hóp í námi. Hins vegar eru hættur fyrir þann hóp ekki efnislega ólíkar þeim hættum sem aðrir hópar standa frammi fyrir og þess vegna þarf hann að vera innifalinn í almennum inngrípum og framkvæmd, frekar en að farið sé með hann sem algjörlega sérstakt og aðskilið tilvik. Eins og búast má við af heildargögnum um brotthvarf virðist líklegt að góðir skólar sem bregðast við einstaklingseinkennum og grípa snemma inn í erfiðleika einstaklinga séu lykillinn að því að draga úr brotthvarfi. Ef litið er svo á að starfshættir slíkra skóla taki tillit til einstaklinga, þá benda gögnin til þess að þróun á námi án aðgreiningar kunni að vera mikilvæg leið til að berjast á móti brotthvarfi meðal nemenda með sérkennsluþarfir og/eða fötlun.



## ÚTKOMA VERKEFNISINS

---

Tvær skýrslur hafa verið gefnar út á vefsvæði Miðstöðvarinnar og niðurstöðurnar hafa verið kynntar á alþjóðlegri ráðstefnu fyrir skólasálfræðinga.

- Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2016. *Early School Leaving and Learners with Disabilities and/or Special Educational Needs: A Review of the Research Evidence Focusing on Europe [Brotthvarf úr skólum og nemendur með fötlun og/eða sérkennsluþarfir: Umfjöllun um rannsóknargögn með áherslu á Evrópu]*. (A. Dyson og G. Squires, ritst.). Odense, Danmörk

Þessi skýrsla útskýrir niðurstöður umfjöllunar um rannsóknargögn um brotthvarf í Evrópu, með sérstaka tilvísun í ungt fólk sem er greint með sérkennsluþarfir og/eða fötlun. Umfjöllunin leggur aðallega áherslu á útgefið efni sem varða aðstæður beint í einu eða fleiri evrópskum löndum og sem er tiltækt á ensku. Hins vegar er skortur á rannsóknum sem standast þessi viðmið. Því hefur evrópsk fræðileg umfjöllun verið bætt upp, þar sem þess þarf, með fræðilegri umfjöllun frá öðrum heimshlutum.

- Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017. *Early School Leaving and Learners with Disabilities and/or Special Educational Needs: To what extent is research reflected in European Union policies? [Brotthvarf úr skólum og nemendur með fötlun og/eða sérkennsluþarfir: Að hvaða marki endurspeglast rannsóknir í stefnumótun Evrópusambandsins?]*. (G. Squires og A. Dyson, ritst.). Odense, Danmörk

Þessi skýrsla dregur saman umfjöllun um lykilrannsóknir á nemendum með sérkennsluþarfir og/eða fötlun með tilliti til brotthvarfs og ber saman niðurstöður hennar og áhrif á þær stöður sem stefnuskjöl ESB taka upp. Umfjöllunin leiðir til tilmæla um hvernig stefnumótandi aðila geta tekið skilvirkar á því vandamáli sem brotthvarf er, sérstaklega þar sem það hefur áhrif á nemendur með sérkennsluþarfir og/eða fötlun.

- Squires, G., 2017. *Early School Leaving and SEN: Understanding the literature and policy in Europe [Brotthvarf og sérkennsluþarfir: Skilningur á fræðilegri umfjöllun og stefnumótun í Evrópu]*. Ritgerð sem var kynnt á ráðstefnunni International School Psychology Association Conference 2017, Manchester, Bretlandi, laugardaginn 22. júlí 2017

Þróun líkans til skilnings á þeim ferlum sem stuðla að brotthvarfi var kynnt á alþjóðlegri ráðstefnu fyrir skólasálfræðinga. Henni var vel tekið og þátttakendur vilja nota líkanið í skólastarfi.




Aðalskrifstofa:

Østre Stationsvej 33  
DK-5000  
Odense C  
Denmark  
Sími: +45 64 41 00 20  
[secretariat@european-agency.org](mailto:secretariat@european-agency.org)

Skrifstofa í Brussel:

Rue Montoyer 21  
BE-1000  
Brussels  
Belgium  
Sími: +32 2 213 62 80  
[brussels.office@european-agency.org](mailto:brussels.office@european-agency.org)



[www.european-agency.org](http://www.european-agency.org)